



256. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn í Þingborg, Flóahreppi, mánudaginn 19. júní 2017 kl. 14:00.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, formaður, Ari B. Thorarensen, Anna Björg Níelsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, Eydís Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, Árni Eiríksson, oddviti, og Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.

Dagskrá:

- 1. Samráðsnefnd sorpsamlaganna, fundargerð.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- 2. Kynnisferð stjórnar sorpsamlaganna á Suðvesturhorninu.**
Formaður stjórnar mun fara í ferðina f.h. SOS.
- 3. Staða viðræðna við SSH.**
Farið var yfir stöðu mála eftir síðasta fund sem þrír fulltrúar stjórnar SOS sóttu.
- 4. Flóahreppur, staða úrgangsmála í sveitarfélaginu**
Eydís og Árni kynntu leiðir Flóahrepps til söfnunar og förgunar úrgangs. Þriggja tunnu kerfi er við lýði og samningur við Íslenska gámafélagið ehf. um afnot af gámasvæði þeirra í Hrismýri á Selfossi. Árlegt hreinsunaráttak er á vorin og eru þá gámar víðsvegar um sveitarfélagið. Rætt var um stöðu mála varðandi Orkugerðina og umhverfismál tengd hennar rekstri.
- 5. Greining úrgangsmála á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands.**
Stefán Gíslason fór yfir stöðu málsins, kynnti tölur um sorpmagn sem er fargað og áætlanir um hve mikið af því mætti endurnýta. Einnig var farið yfir nokkra valkosti í förgun. Rætt var um næstu skref.
- 6. Önnur mál.**
Stefnt er að næsta fundi þriðjudaginn 22. ágúst n.k. kl. 14 á Hvolsvelli.
- 7. Skoðunarferð í móttökustöð Íslenska gámafélagsins ehf. í Hrismýri á Selfossi.**

Farið var í skoðunarferð til Íslenska gámafélagsins þar sem Flóahreppur er með samning um sorpmóttöku fyrir sína íbúa.

Fundi slitið kl. 17:00.

Jón G. Valgeirsson

Anna Björg Níeldóttir

Ásta Stefánsdóttir

Ari B. Thorarensen

Ágúst Sigurðsson